

# Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps 29.4.2020

- Haldinn á Skriðuklaustri kl. 18:00

*Mætt:* Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir (Skotta/formaðurinn), Gunnar Gunnarsson (GG), Kristín Gunnarsdóttir (KG).

## 1. Samfélagssjóður

Rætt um verkefni sem gætu átt heima í samfélagssjóði. Ákveðið að sækja um fyrir uppsetningu skemmtiskiltis og skoða möguleika á réttardegi. Formanni og GG falið að vinna málið áfram.

## 2. Afþreyingarmöguleikar í Fljótsdal

Á íbúafundi í janúar 2020 var því vísað til ferðamálanefndar að kortleggja afþreyingarmöguleika fyrir ferðafólk í Fljótsdal.

Formaður lagði fram lista yfir staði sem skilgreindir voru fyrir snjallleiðsögn í Fljótsdal árið 2014, fyrir áfangastaðinn Austurland haustið 2019 og vefsja Ferðamálastofu.

Nefndin er sammála um að á þessum listum sé að finna góða samantekt yfir áhugaverða staði í Fljótsdal.

Inn á listann vantar hins vegar ýtarlegri útlistun á gönguleiðum. Má þar nefna Fossagönguna, Klausturskóginn, leið milli Tröllkonustígs, Bessastaðaárgljúfur, milli Norðurdals og Suðurdals yfir Múla, milli Norðurdals og Staffells í Lóni (Austurstræti). Eins má nefna leiðir eins og upp á Gjáhjalla og Sóleyjarbotna. Á vefnum Wikiloc má sjá gönguleiðir sem ferðafólk hefur sent inn sjálf. Ekki er heldur til listi yfir mögulegar fjallahjólaleiðir.

Þá mætti fara betur yfir áhugaverða staði á hálendinu. Hjá Vatnajökulspjóðgarði eru til ýmsar upplýsingar sem ekki lágú fyrir fundinum en formanni er falið að óska eftir.

Ferðamálanefnd felur formanni nefndarinnar að sameina þær upplýsingar sem til eru í einn lista þannig upplýsingarnar séu aðgengilegar í einu skjali.

Ferðamálanefnd beinir því til hreppsnefndar að ráðist verði í að taka saman upplýsingar um mögulegar göngu- og fjallahjólaleiðir í Fljótsdal sem og áhugaverðastaði á hálendi hreppsins. Við þá samantekt þarf að hafa samband við landeigendur til að tryggja að þeir séu samþykkir því að farið eftir leiðum á þeirra landi. Ennfremur bendir nefndin á að stika þurfi sumar leiðanna, til dæmis meðfram Bessastaðaárgili því sú leið sé varleg á köflum.

## 3. Fundur um hátíðir sumarsins

Rætt um tímasetningu fyrir fund, sem fyrirhugaður var í apríl, um dagskrá sumarsins, einkum Fljótsdalsdag. Formanni falið að vera í sambandi við samfélagsnefnd um útfærslu og tímasetningu fundarins en rætt var um að halda hann í byrjun júní.

#### **4. Upplýsingaskilti við Hengifoss**

Formaður upplýsti um að vinna við upplýsingaskilti sem sett verða upp á gönguleiðinni meðfram Hengifossi sé langt komin og frumgerðar að vænta á næstu dögum.

#### **5. Umræða um stöðu ferðapjónustu í ljósti Covid-19 og ferðasumarið**

Ljóst er að minni ferðalög á heimsvísu munu hafa áhrif á ferðapjónustuaðila í Fljótsdal. Einhverjir voru ekki búnir að ganga frá öllum mannaáráðningum fyrir sumarið eða fá ekki hluta starfsfólks. Ljóst er að færri starfsmenn, einkum erlendir, verða í sveitinni í sumar.

Ljóst er að íslenskir ferðamenn verða dýrmætir í sumar. Veðurfar mun ráða miklu um val áfangastaði þeirra. Ferðamálanefnd vill hrósa hreppsnefnd fyrir skjót viðbrögð við erindi ferðapjónustuaðila, sem tekið var fyrir á fundi 16. mars, þar sem veitt var fé til markaðssetningar til innlendra ferðamanna. Þar sem útlit er fyrir að efnahagslægingin vegna heimsfaraldursins verði dýpri og langvinnri heldur en þá var fyrir séð hvetur ferðamálanefnd hreppsnefnd til áframhaldandi jákvæðni og stuðnings við ferðapjónustuaðila í Fljótsdal á óvissutímum.

Undir þessum lið var rætt um svæði fyrir fjölskyldur á ferð í sveitinni en efla mætti afþreyingu fyrir þær með uppbyggingu leiksvæða. Hönnun og frumkvæði að slíkum framkvæmdum yrðu þó að vera í höndum rekstraraðila.

Fundi slitið 20:20

GG ritaði fundargerð